

um iðngarða.

Flm.: Eggert Haukdal, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um byggingu iðnaðarhúsnæðis með samstarfi einstaklinga, félagasamtaka og sveitarstjórna og með stuðningi ríkisins. Hafa skal samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Byggðasjóð, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. Könnun þessari og undirbúningi skal hraðað svo sem unnt er.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur atvinnulíf Íslendinga óðum sótt í átt til iðnvæðingar. Iðnaðarframleiðslan hefur á þessum áratug aukist að meðaltali meir en þjóðarframleiðslan í heild og framleiðni vaxið.

Flestir munu sammála um að þýðing iðnaðarins í þjóðarbúskap okkar Íslendinga muni enn fara vaxandi í sókn til bættra lífskjara og sköpunar nýrra og fjölbreyttari atvinnutækifæra fyrir þann fjölda vel menntaðs ungs fólks sem leitar á vinnumarkaðinn í nánustu framtíð. Til þess að stuðla að því, að þessum markmiðum verði náð, er nauðsynlegt að búa sem best í haginn og bæta skilyrði fyrir alhliða iðnþróun á sem flestum sviðum hvarvetna á landinu.

Tillaga þessi snertir eina mikilvæga forsendu iðnþróunar, þ. e. að leita leiða til að auka framboð á hentugu iðnaðarhúsnæði með byggingu iðngarða. Hér er ekki um óþekkta leið að ræða, heldur hefur hún verið farin með góðum árangri á Norðurlöndum og ýmsum öðrum löndum Vestur-Evrópu, þar á meðal í Skotlandi og Írlandi, en þar hafa verið reistir af hinu opinbera iðngarðar, sem hafa haft viðtæk áhrif á þróun framleiðsluiðnaðar í þessum löndum. Er eðlilegt að höfð verði hliðsjón af reynslu annarra þjóða í þessum efnum. Það getur vissulega verið hagkvæmt, einkum fyrir minni iðnaðarfyrirtæki, að geta hafið starfsemi í hagkvæmu fullbúnu húsnæði. Með því losna stjórnendur við tímafreka tæknilega og fjárhagslega skipulagningu, sem byggingarframkvæmdir hafa ávallt í för með sér. Þannig væri einnig stuðlað að því, að fyrirtækið gæti betur nýtt takmarkað eigið fjármagn í hlutfallslega auknum mæli til fjármögnunar nauðsynlegs véla- og tækjabúnaðar og til rekstrar.

Með því að hafa samstarf um gerð teikninga hentugs iðnaðarhúsnæðis, er tæki tillit til margbreytilegra þarfa iðnaðarins fyrir húsnæði, og með sameiginlegri skipulagningu framkvæmda og fjármögnunar má án efa auka hagkvæmni hvað byggingarkostnað snertir.

En ýmislegt fleira mælir með því, að farið verði út á þá braut að reisa iðngarða með sameiginlegu átaki einkaaðila, sveitarfélaga og ríkis. Þar sem fleiri en eitt fyrirtæki eru saman komin á þar til skipulögðu athafnasvæði hefur reynslan sýnt, bæði hér og erlendis, að fyrirtækin geta haft margvíslegan stuðning hvert af öðru. Þau geta haft samstarf um skrifstofu-, sölu- og margháttada aðra þjónustu. Þau geta haft nánara samstarf um framleiðslu og nýtingu tiltekinna sérhæfðra véla. Loks má nefna sameiginlegt mótuneyti og félagslega aðstöðu starfsfólks.

Nefna má hér sem dæmi hagkvæmni þess, að skipulagt væri og reist á afmörkuðu hafnarsvæði í útgerðarstöð húsnæði, er hentaði fyrir iðnaðarfyrirtæki er veitt gætu fiskiskipum alhliða þjónustu.

Þótt gert sé ráð fyrir því, að hér sé m. a. um leiguhúsnæði að ræða, á ekkert að vera því til fyrirstöðu, að fyrirtækin gætu í upphafi verið eigendur að atvinnuhúsnæði, sem byggt væri með þessum hætti, eða keypt það síðar meir skv. ákveðnum skilmálum, þegar þau hefðu fjárhagslegt bolmagn til.

Tillagan gerir ráð fyrir að við framkvæmd þessarar athugunar verði haft náið samstarf við þá aðila er mál þetta snertir fyrst og fremst, þ. e. fulltrúa sveitarfélaga, samtaka iðnaðarins og helstu lánastofnana, er fjármagna byggingar iðnaðarhúsnæðis.

Þá viljum við að lokum leggja áherslu á að það er ekki aðeins í stærri byggðarlögum, sem þarf að efla iðnað, heldur líka á smærri stöðum, í minni sjávarplássum og í sveitum.

Það er skoðun flutningsmanna, að í sem flestum sveitarfélögum þurfi að myndast byggðarkjarnar, sem veiti þjónustu í nágrenni sínu og jafnframt atvinnutækifæri fyrir uppvaðandi kynslóð á staðnum. Það styrkir búsetu og eflir sveitarfélögin.

Með flutningi þessarar tillögu er haft í huga að efla iðnað og mynda aðstöðu til framleiðsluiðnaðar, þjónustustarfsemi og nýiðnaðar, ekki aðeins á þeim þéttbýlistöðum, sem þegar hafa myndast í landinu og þarf að efla og styrkja, heldur og að hvetja til aukins iðnaðar í sem flestum sveitarfélögum og í þeim mæli sem hagkvæmt þykir. Á þann hátt geta þjóðhagsleg sjónarmið og byggðasjónarmið fallið í sama farveg.